

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi), XIV. viðauka (Samkeppni) og bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2006 frá 27. október 2006 ⁽¹⁾.
- 2) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽²⁾.
- 3) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1/2003 að því er varðar rýmkun á gildissviði hennar svo að hún taki til gestaflutninga og alþjóðlegrar þjónustu með leiguskip ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 50. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86) í XIII. viðauka við samninginn:

„50a. **32006 R 1419**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1/2003 að því er varðar rýmkun á gildissviði hennar svo að hún taki til gestaflutninga og alþjóðlegrar þjónustu með leiguskip (Stjtið. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 11c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000) í XIV. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 366, 21.12.2006, bls. 75, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 21.12.2006, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1.

„11d. **32006 R 1419**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1/2003 að því er varðar rýmkun á gildissviði hennar svo að hún taki til gestaflutninga og alþjóðlegrar þjónustu með leiguskip (Stjtið. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. undirlið 1. liðar í 3. gr. bókunar 21 við samninginn (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003):

„– **32006 R 1419**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 (Stjtið. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1).“

4. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1419/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.